

Ed.

599. Breytingartillögur

[217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÓRG, DA, GTh, GB).

1. Við 1. gr. í stað „288 840“ komi: 289 685.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein og orðist svo:
Kísiliðjunní hf. er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 2 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á framkvæmdum og tímabundnum rekstrarerfiðleikum.
3. 6. gr. verði 7. gr. og orðist svo:
Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:
 1. Akureyrarbær, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 70 750 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
 4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 34 650 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Við 9. gr. sem verður 10. gr. í stað „89 000“ komi: 100 000.
5. Við 10. gr. sem verður 11. gr. í stað „6., 7. og 8. gr.“ komi: 7., 8. og 9. gr.
6. Við 12. gr. sem verður 13. gr. í stað „15 000“ komi: 18 500.